

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis, nefnda- og greiningarsvið
150 Reykjavík

Reykjavík 6. maí 2026
Mál nr. 2026-98 / 0.4

Efni: Umsögn Fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla), 600. mál

I.

Fjölmiðlanefnd vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 22. apríl 2026, þar sem Fjölmiðlanefnd er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (stuðningur við einkarekna fjölmiðla.), 600. mál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla) í samræmi við tilteknar aðgerðir sem boðaðar voru í aðgerðaáætlun í málefnum fjölmiðla sem kynnt var þann 19. desember 2025 en aðgerðaáætlunin hefur það að markmiði að styrkja fjölmiðlaumhverfið á Íslandi.

Frumvarpið felur í sér að stuðningur við einkarekna fjölmiðla verði festur í sessi til fimm ára en fyrri ákvæði um stuðning við einkarekna fjölmiðla féllu úr gildi 1. janúar 2026. Stuðningskerfið byggir í meginatriðum á eldra stuðningskerfi við einkarekna fjölmiðla, sem hefur verið við lýði frá árinu 2021, en skerpt er á einstaka skilyrðum. Þá felur frumvarpið auk þess í sér nýmæli, þ.e. að veittur verði viðbótarstuðningur til fjölmiðla sem sinna daglegri fréttabjónustu í almannabágu um allt land og uppfylla nánar tiltekin sértæk skilyrði. Gert er ráð fyrir að úthlutun verði í höndum úthlutunarnefndar sem skipuð verði af menningar-, nýsköpunar og háskólaráðherra en Fjölmiðlanefnd sjái um umsýslu umsókna, eins og verið hefur.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er markmið frumvarpsins að efla ritstjórnir einkarekinna fjölmiðla í því skyni að styðja við fréttabjónustu og lýðræðislega umræðu. Frumvarpið miðar jafnframt að því að treysta stöðu íslenskrar tungu. Frumvarpið er liður í heildstæðri fjölmiðlastefnu og framtíðarsýn stjórnvalda á sviði fjölmiðla.

II.

Fjölmiðlanefnd telur tilefni til að koma eftirfarandi atriðum á framfæri að því er varðar einstaka greinar frumvarpsins.

Í markmiðsákvæði **1. mgr. 62. gr. d.** frumvarpsins segir m.a. að veita skuli fjölmiðlaveitum árlegan fjárhagsstuðning vegna kostnaðar við að vinna fréttir og fréttatengt efni. Í markmiðsákvæði laga nr. 66/2025, sem féll úr gildi 1. janúar 2026, sagði m.a. að markmið stuðningskerfisins væri að styðja og efla ritstjórnir á einkareknum fréttá- og dagskrármiðlum sem gæfu út fréttir og fréttatengt efni og/eða fjölluðu um *samfélagsleg málefni*. Af fyrirliggjandi frumvarpi er ljóst að búið er að fella út síðasta hluta fyrra ákvæðis um samfélagsleg málefni. Gildissvið markmiðsákvæðisins er því afmarkað við kostnað sem fellur til við að vinna *fréttir og fréttatengt efni*. Ákvæði **62. gr. i.** frumvarpsins tekur mið af framangreindu en þar segir að undir stuðningshæfan rekstrarkostnað falli beinn launakostnaður nánar tilgreinds starfsfólks á ritstjórnnum og verktakagreiðslur sem falla til við að afla og miðla *fréttum og fréttatengdu efni*.

Í athugasemdum við a-lið 62. gr. d. kemur skýrt fram að ekki sé gert ráð fyrir að stutt verði við öflun og miðlun annars konar efnis fjölmiðla en fréttá og fréttatengds efnis. Þá kemur fram að íþróttáfréttir geti talist til fréttatengds efnis í skilningi frumvarpsins. Í ljósi þess að frumvarpið virðist þannig fela í sér þrengingu á gildissviðinu frá því sem áður var bendir Fjölmiðlanefnd á að gagnlegt væri ef skilgreiningar á hugtökunum *fréttir og fréttatengt efni* lægju fyrir í lagatexta frumvarpsins auk þess sem þær kæmu fram í reglugerð. Mikilvægt er að skýrt sé hvaða efni fellur þar undir.

Skilgreiningin á hugtökunum *fréttir og fréttatengt efni og umfjöllun um samfélagsleg málefni* í 3. gr. þágildandi reglugerðar um rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla nr. 1115/2025, sem fjallaði um frekari skilyrði fyrir rekstrarstuðningi en fram komu í lögum um fjölmiðla, var nokkuð rúm og hægt að fella ýmsa fjölmiðlastarfsemi þar undir. Þar sagði:

Með fréttum er átt við reglubundna miðlun frásagna af atburðum eða fyrirbærum af öllu tagi sem varðar almenning að mati fjölmiðils. Með fréttatengdu efni er átt við fréttaskýringar, frásagnir og umræður um efni í víðum skilningi frá mismunandi sviðum þjóðfélagsins sem er ofarlega á baugi hér á landi eða erlendis hverju sinni. Umfjöllun um samfélagsleg málefni nær til allra hliða samfélagsins sem eiga erindi við almenning en þurfa ekki að tengjast fréttum líðandi stundar.

Fjölmiðlanefnd hefur í framkvæmd túlkað hugtökin *fréttir og fréttatengt efni* í 26. gr. og 2. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla fremur þröngt, sbr. t.d. *Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla – Bann við*

*duldum viðskiptaboðum og kostun og vöruinnsetning.*¹ Er það í samræmi við túlkun Evrópuráðsins.² Fjölmiðlanefnd hefur talið að með hugtakinu *fréttir* í skilningi framangreindra ákvæða sé fyrst og fremst átt við hefðbundna fréttatíma. Með hugtakinu *fréttatengt efni* (e. *current affairs programmes*) sé fyrst og fremst átt við dagskrárefni sem tengist fréttum með „beinum hætti“ og hefur þann megintilgang að miðla skýringum á fréttum. Í slíku dagskrárefni er skyggst að baki þeim fréttum sem efstar eru á baugi hverju sinni og leitast við að skýra og/eða greina þær með faglegum hætti. Hér undir falla meðal annars fréttaskýringar, fréttagreiningar og dagskrárefni þar sem fram kemur afstaða stjórnámálanna til fréttanna hverju sinni. Samkvæmt fyrrgreindum leiðbeiningum geta dægurmálapættir sem innihalda að hluta fréttatengt efni og miðlað er strax í kjölfar fréttanna talist til fréttatengds efnis, séu skilin á milli fréttatíma og dægurmálapáttar ekki þeim mun skýrari. Á sama hátt geta íþróttafréttir sem miðlað er strax í kjölfar fréttatíma í sjónvarpi talist til fréttatengds efnis. Í framkvæmd hefur nefndin hins vegar litið svo á að útsendingar frá íþróttum í sjónvarpi og umfjöllun í tengslum við þær, t.d. umræðuþættir eða yfirferð yfir leiki, teljist ekki til fréttanna og fréttatengds efnis í skilningi laga um fjölmiðla og megi því kosta, sbr. 2. mgr. 42. gr. laganna.

Í samræmi við almennar lögskýringarreglur eru sömu hugtök í sömu lögum almennt túlkuð með sama hætti. Því telur Fjölmiðlanefnd mikilvægt að taka sérstaklega fram í lagatexta ef hugtökin *fréttir* og *fréttatengt efni* eiga að hafa aðra merkingu í X. kafla B. (Stuðningur við einkarekna fjölmiðla) en þau hafa samkvæmt öðrum ákvæðum laga um fjölmiðla. Þá væri einnig gagnlegt að skilgreina hugtökin sérstaklega í ljósi þess að framanrakin breyting gæti haft þau áhrif að fjölmiðlar, sem eingöngu miðla umfjöllun um samfélagsleg málefni en ekki fréttum og fréttatengdu efni, sem áður uppfylltu skilyrði fyrir stuðningi, uppfylli þau ekki lengur. Í þessu sambandi er óljóst hvort almenn umfjöllun fjölmiðla um vísindi, menningu, listir, lífstíl og trúmál eða viðtöl við einstaklinga úr ýmsum samfélagshópum um dægurmál geti talist til fréttanna og fréttatengds efnis í skilningi frumvarpsins. Í ljósi alls framangreinds leggur Fjölmiðlanefnd til að hugtökin *fréttir* og *fréttatengt efni* verði sérstaklega skilgreind í lagatexta frumvarpsins.

Í **2. mgr. 62. gr. e.** frumvarpsins kemur fram að skipunartímabil úthlutunarnefndar sé til 31. janúar 2030. Fjölmiðlanefnd bendir á að hér er líkast til um misritun að ræða. Tímabilið ætti líkast til að vera til 31. desember 2030 þar sem ákvæði X. kafla B (Stuðningur við einkarekna fjölmiðla) falla úr gildi 1. janúar 2031, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Eðlilegt er að skipunartími nefndarinnar haldist í hendur við gildistíma þeirra lagaákvæða sem hún á starfa eftir.

Í **1. mgr. 62. gr. f.** frumvarpsins kemur fram að umsókn um rekstrarstuðning skuli berast úthlutunarnefnd samkvæmt umsóknarfresti ákvæðnum í reglugerð, þó eigi síðar en 1. júní ár hvert. Í tengslum við umsóknarfrestinn bendir Fjölmiðlanefnd á að í framkvæmd hefur komið í ljós að til undantekninga heyrir ef ársreikningar fjölmiðla eru tilbúnir frá hendi löggiltra endurskoðenda svo snemma árs og hafa fjölmiðlaveitur komið óformlegum athugasemdum

¹ Ákvæði 26. gr. fjallar m.a. um skyldu fjölmiðlaveitu til þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og ákvæði 2. mgr. 42. gr. mælir fyrir um að óheimilt sé að kosta fréttáútsendingar og fréttatengt efni.

² Sjá bls. 13 í *Leiðbeiningar fyrir fjölmiðla – Bann við duldum viðskiptaboðum og kostun og vöruinnsetning*.

Þess efnis á framfæri við nefndina. Í þessu sambandi er einnig vakin athygli á að almennur frestur til að skila ársreikningum til Skattsins fyrir árið 2025 er til 31. ágúst 2026. Ársreikningar eru á meðal þeirra gagna sem litið er til við mat á því hvort veita beri stuðning. Enn fremur má benda á að starfsmenn fjölmiðla eru oft í sumarfrí á þessum tíma og því gæti reynst erfitt að fá nauðsynleg svör frá þeim vegna upplýsingabeidna úthlutunarnefndar í tilefni af umsóknum.

Fjölmiðlanefnd leggur til að dagsetningin 1. júní verði tekin út úr ákvæðinu og að mælt verði fyrir um umsóknarfrestinn í reglugerð til að tryggja aukinn sveigjanleika, eins og gert var í eldri lögum nr. 66/2025. Í öllu falli telur Fjölmiðlanefnd nær útilokað að unnt verði að virða umrædd tímamörk á þessu ári. Nái frumvarpið fram að ganga skömmu fyrir 1. júní nk. er ljóst að ekki verður ráðrúm til að auglýsa eftir umsóknum um rekstrarstuðning með hefðbundnum tveggja vikna fyrirvara sem telja verður lágmark í þessu sambandi.

Í **7. tölul. 62. gr. g.** frumvarpsins segir m.a. að það sé skilyrði fyrir almennum rekstrarstuðningi að fjölmiðlaveita sé ekki í vanskilum með opinber gjöld, skatta og skattsektir sem komnar voru á eindaga fyrir lok næsta árs á undan. Við ákvæðið hefur verið bætt nýjum málslíð, þ.e. 2. málsl., sem ekki kom fram í eldri lögum á þessu sviði. Þar segir að við mat á skuldastöðu gagnvart ríkissjóði skuli miðað við þá dagsetningu þegar umsókn berst úthlutunarnefnd. Í framkvæmd hefur úthlutunarnefnd miðað við að ekki sé um raunveruleg vanskil að ræða í skilningi ákvæðisins þegar úthlutun fer fram, sbr. ummæli í skýrslu nefndarinnar til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, dags. 30. desember 2025. Orðalag ákvæðisins felur því í sér þrengingu miðað við fyrri framkvæmd úthlutunarnefndar. Fjölmiðlanefnd leggur til að 2. málsl. ákvæðisins verði tekinn út.

Í **4. tölul. 62. gr. h.** frumvarpsins kemur fram að það sé skilyrði fyrir viðbótarstuðningi við fréttapjónustu í almannapágu að ritstjórnarefni prent- og vefmiðils skuli vera að lágmarki 50% efnis á móti auglýsingum og a.m.k. 25% ritstjórnarefnis prent- og vefmiðils skuli vera efni sem er frumunnið á ritstjórn. Í þessu sambandi bendir Fjölmiðlanefnd á að í hinu fyrirbyggjandi frumvarpi skortir nánari leiðbeiningar um hvernig leggja eigi mat á hvort skilyrðinu sé fullnægt. Gera má ráð fyrir að það hafi í för með sér töluverðan kostnað og tíma fyrir bæði úthlutunarnefnd og eftir atvikum viðkomandi fjölmiðil að meta og sýna fram á að skilyrðinu sé fullnægt. Að lokum bendir Fjölmiðlanefnd á að hugsanlega þyrfti að skýra nánar hvað átt er við með hugtakinu frumunnið efni. Að mati nefndarinnar er ekki að fullu ljóst hvort t.a.m. þýðingar úr erlendu máli yfir á íslensku falli þar undir eða ekki.

III.

Með hinu framlagða frumvarpi eru stigin skref í þá átt að auka fyrirsjáanleika í rekstri einkarekinna fjölmiðla hér á landi með því að festa rekstrarstuðning í sessi til fimm ára sem telja verður til bóta. Fjölmiðlanefnd er reiðubúin að mæta á fund til allsherjar- og menntamálanefndar til að fara yfir framangreinda umsögn verði óskað eftir því.

Fyrir hönd Fjölmíðlanefndar,



Elfa Ýr Gylfadóttir
frankvæmdastjóri